

Nefndarsvið Alþings
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um málefni fatlaðra - 256 mál.

Umsögn þessi er gerð af þjónusturáði sameiginlegs þjónustusvæðis Suðurlands um þjónustu við fatlaða sem 13 sveitarfélög á Suðurlandi standa að.

Almennt álit

Þjónusturáð fagnar framkomnu frumvarpi og telur yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga til mikilla bóta fyrir málaflokkinn. Þjónusturáð telur afar mikilvægt að samstarf Velferðarráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga við útfærslu þessara laga sé raunverulegt þannig að ekki geti komið til einhliða breytingar frá ráðuneytinu. Í nokkrum lagagreinum frumvarpsins þar sem fram kemur heimild ráðherra að setja leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu, telur þjónusturáð að slíkar reglur eigi að vinna í samvinnu við sveitarfélögin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í 7. gr. frumvarpsins er getið um starfsleyfi sem sveitarfélögum er heimilit að veita til handa félagasamtökum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum einkaaðilum sem vilja hefja eða taka við rekstri þjónustustofnunar.

Að mati þjónusturáðs er óljóst hvað felst í þessu starfsleyfi, og ekki eru tilgreind skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá starfsleyfi. Einnig telur ráðið villandi að tala um starfsleyfi því allir sem hefja rekstur þurfa að fá starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Telur þjónusturáð heppilegra að tala um rekstraleyfi og að skilgreina þurfi nánar hvað þarf að uppfylla til að fá slíkt leyfi.


Í 14. gr. er fjallað um stuðningsfjölskyldur fyrir börn með fötlun. Telur þjónusturáð æskilegt að við gerð reglna um stuðningsfjölskyldur sem ráðherra setur skuli setja samskonar reglur um leyfi og eftirlit með stuðningsfjölskyldum sem getið er um í reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga skv. ákvæðum barnaverndarlaga.

29. gr. Þjónusturáð fagnar þessari grein og þykir eðlilegt að tekjur sem þjónusturaðilar fá af atvinnustarfsemi renni til greiðslu rekstrarkostnaðar.


30. gr. Í þessari grein eru ríkulegri heimildir til að fá upplýsingar úr sakaskrá við ráðningu starfsmanna en áður hefur verið og bera að fagna því.

32. gr. Að mati þjónusturáðs er réttindagæsla ekki nógu vel tryggð þar sem verið er að halda áfram með úrræði sem hafa ekki reynst vel. Þjónusturáð telur mikilvægt að eftirlitstofnun velferðarmála verði komið á laggirnar.


Árborg 1. desember 2010




María Kristjánsdóttir, formaður



Alfhildur Hallgrímsdóttir



Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir



Kristinn G. Kristinsson



Nanna Mjöll Atfadóttir